

# Reglur um ábyrgðarmörk og starfshætti

## I.

### Um ábyrgðarmörk stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna hjá Akureyrarbæ

1. Kjörnir fulltrúar eru bæjarfulltrúar og varamenn þeirra. Nefndarmenn eru þeir einstaklingar sem tilnefndir eru í fagnefndir bæjarins og starfa í umboði bæjarstjórnar.

Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn starfa samkvæmt:

- a) samþykkt um stjórn Akureyrar og fundarsköp bæjarstjórnar,
- b) sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998,
- c) samþykktum um fastanefndir,
- d) sérstökum stefnumarkandi samþykktum bæjarstjórnar
- e) ákvörðunum, áætlunum og útgjaldarömmum sem bæjarstjórn samþykkir,
- f) reglum þessum og
- g) lögum og reglum sem gilda um einstaka málaflokka.

2. Stjórnendur eru allir yfirmenn stjórnarsýslu Akureyrarbæjar samkvæmt gildandi skipuriti á hverjum tíma.

Stjórnendur starfa samkvæmt:

- a) samþykkt um stjórn Akureyrar og fundarsköp bæjarstjórnar,
- b) sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998,
- c) samþykktum um fastanefndir bæjarstjórnar,
- d) sérstökum stefnumarkandi samþykktum bæjarstjórnar,
- e) ákvörðunum, áætlunum og útgjaldarömmum sem bæjarstjórn samþykkir,
- f) gildandi kjarasamningum og samningum um ráðningarkjör,
- g) reglum þessum og
- h) lögum og reglum sem gilda um málaflokk þeirra eða verkefni.

3. Það er hlutverk kjörinna fulltrúa að:

- a) móta stefnu fyrir starfsemi Akureyrarbæjar og einstakra deilda og stofnana bæjarfélagsins, m.a. með gerð starfs- og fjárhagsáætlana,
- b) setja starfsemi bæjarins reglur, m.a. um ábyrgðarmörk og starfshætti nefnda, kjörinna fulltrúa og embættismanna, gjaldskrár o.þ.h. eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur,
- c) ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og veita umsagnir um ráðningar skv. 63 gr. samþykktar um stjórn Akureyrarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

4. Það er hlutverk kjörinna fulltrúa og nefndarmanna að hafa eftirlit með samþykktum og ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda og að starfsemi sé samkvæmt lögum og samþykktum reglum.

5. Bæjarstjóri og embættismenn eru tengiliðir kjörinna fulltrúa við daglega starfsemi Akureyrarbæjar og bera ábyrgð á að hún sé samkvæmt stefnu og ákvörðunum í viðkomandi málaflokki. Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn hlutast aðeins til um framkvæmd stefnu með

samþykktum í bæjarstjórn og á nefndafundum en hafa sem einstaklingar ekki boðvald yfir starfsmönnum bæjarins.

6. Bæjarstjórn er heimilt að fela nefndum fullnaðarafgreiðslu mála skv. 54. grein samþykktar um stjórn Akureyrar og fundarsköp bæjarstjórnar. Á sama hátt skv. 55 gr. sömu samþykktar geta nefndir falið stjórnendum fullnaðarafgreiðslu mála á verksviði þeirra samkvæmt starfsreglum sem bæjarstjórn staðfestir. Stjórnendur gera nefndum reglulega grein fyrir afgreiðslu slíkra mála.

7. Bæjarstjóri kynnir og er í forsvari fyrir ákvarðanir og stefnumörkun bæjarstjórnar en formenn nefnda og ráða kynna ákvarðanir þeirra. Stjórnendur kynna og eru í forsvari fyrir framkvæmd þessara samþykktar og ákvarðana.

## II.

### Um framkvæmdastjórn Akureyrarbæjar

8. Bæjarstjóri starfar samkvæmt ákvæðum samþykktar um stjórn Akureyrarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Bæjarstjóri framfylgir ákvörðunum bæjarstjórnar um stefnumál og verklagsreglur og er tengiliður bæjarstjórnar við stjórnendur bæjarins.

9. Bæjarstjóri skipar embættismenn í framkvæmdastjórn sem er honum til ráðuneytis um daglegan rekstur bæjarfélagsins. Framkvæmdastjórn skal vinna að því að stjórnarsýsla Akureyrarkaupstaðar sé ávallt skilvirk, hagkvæm og örugg ásamt því að hafa frumkvæði að bættri þjónustu og hagræðingu í rekstri. Einstaklingar í framkvæmdastjórn hafa í krafti setu sinnar í framkvæmdastjórn ekki boðvald yfir öðrum stjórnendum nema í umboði bæjarstjóra í afmörkuðum málum.

10. Helstu verkefni framkvæmdastjórnar eru þessi:

- a) eftirfylgni með ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda og eftirlit með þjónustunni sem stofnanirnar eiga að veita samkvæmt starfsáætlunum og þjónustusamningum,
- b) samræming starfsemi milli stofnana og deilda,
- c) eftirlit með fjármálum bæjarsjóðs og fyrirtækja bæjarins,
- d) samningagerð og eftirfylgni með samningum,
- e) tengsl og samskipti við kjörna fulltrúa og fagnefndir og
- f) reglulegt samráð við stjórnendur deilda og samvinna með þeim/við þá.

## III.

### Um skyldur og starfshætti stjórnenda

11. Stjórnendum Akureyrarbæjar ber að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi og taka þá fram yfir hagsmuni stjórnunareiningar sinnar ef svo ber undir. Þeim ber einnig að hafa að leiðarljósi þá skilgreiningu á „Hlutverki stjórnanda hjá Akureyrarbæ“ sem í gildi er á hverjum tíma skv. samþykkt stjórnarsýslunefndar.

## 12. Stjórnandi

- a) er leiðtogi undirmanna sinna í þeirri viðleitni að veita sem besta þjónustu við íbúa bæjarins samkvæmt stefnu bærstjórnar. Hann hefur samráð við undirmenn sína um framkvæmd stefnunnar en þeir taka þátt í mikilvægum ákvörðunum sem varða starfsvettvang þeirra,
- b) ákveður samskiptareglur þeirra deilda eða stofnana sem heyra beint undir hann. Stjórnandi getur ekki sett starfsreglur sem hafa áhrif á verksvið annarra hliðstæðra stjórnenda nema í samráði við þá og sameiginlegan yfirmann,
- c) samræmir störf milli deilda eða stofnana sem undir hann heyra,
- d) færir útgjöld milli rekstrarliða innan málaflokksins/verkefnisins að frátöldum liðum sem bundnir eru af lögum, reglugerðum og samþykktum,
- e) ákveður tilhögun starfsmannahalds, m.a. ráðningar almennra starfsmanna og tilfærslu þeirra milli starfa samkvæmt ráðningarsamningum, kjarasamningum og gildandi reglum bærstjórnar. Stjórnandi auglýsir störf og gefur upplýsingar um þau.
- f) gerir þjónustusamninga um einstaka verkþætti og býður út verk í samræmi við reglur Akureyrarbæjar um innkaup og útboð. Stjórnanda er heimilt, í samráði við viðkomandi deildarstjóra, að gera minni háttar samninga til allt að þriggja ára ef þeir hafa ekki í för með sér aukningu á árlegum útgjöldum málaflokksins eða breytingar á þjónustunni sem veitt er,
- g) hefur heimild til að flytja rekstrarafgang milli ára skv. gildandi reglum um fjárhagsáætlunarferli hverju sinni,
- h) hefur eftirlit með daglegri starfsemi deilda og stofnana sem undir aðra stjórnendur heyrir, sem lægra eru settir í skipuriti, en hlutast ekki til um hana nema um frávík sé að ræða frá vönduðum stjórnarsýsluháttum, samþykktum starfs- og fjárhagsáætlunum eða reglum og samþykktum bærstjórnar eða fagnefndar.

13. Stjórnandi ber ábyrgð gagnvart næsta stjórnanda ofar í skipuriti og lýtur fyrirmælum hans.

14. Verði stjórnandi var við óeðlileg frávík frá markaðri stefnu, settum reglum eða samþykktum starfs- og fjárhagsáætlunum í rekstri stjórnunareininga sem undir hann heyra, beinir hann fyrirmælum um úrbætur til næsta undirmanns sem ber ábyrgð á viðkomandi málaflokki eða verkefni.

15. Stjórnanda er óheimilt að semja um ráðningarkjör umfram kjarasamninga (hlunnindi, fastar yfirvinnugreiðslur o.s.frv.) eða samþykktir bæjarráðs. Stjórnandi gerir ráðningarsamninga að höfðu samráði við starfsmannaþjónustu bæjarins.

*Samþykkt í stjórnarsýslunefnd 18. apríl 2007*

*Samþykkt í bærstjórn 9. maí 2007*